

Föstudaginn 13. nóvember 1970.

Nr. 100/1970. **Snæbjörn Sigurðsson**

(Hólfriður Snæbjörnsdóttir (skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942))

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

D ó m e n d u r:

hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinnsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Héraðsdómur úr gildi felldur. Máli vísað til gerðardóms.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1970. Hann fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 3. nóvember 1970.

Áfrýjandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1.479.320.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Telja verður, að áfrýjandi kunni samkvæmt grunnsjónarmiðum laga, sbr. 7. gr. laga nr. 11/1928 og 2. gr. laga nr. 16/1952, að eiga rétt til nokkurra bóta vegna sóttvarnaaðgerða, að svo miklu leyti sem hann hefur eigi aukið tjón sitt með aðgerðum sínum eða gefið fyrirvaralausar kvittanir. Bótaréttur áfrýjanda kemur m. a. til álita vegna afurðatjóns, miðað við, að hann hefði rekið bú sitt áfram. Athugaefni er og, hvort áfrýjandi eigi bótarétt á þeim grundvelli, að hann mátti eigi um stundarsakir selja gripi né hey utan hins sýkta svæðis né ala upp gripi. Er málið vanreifað um þessi efni. Það þykir vera í samræmi við niðurlagsákvæði nefndrar 7. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 16/1952, sbr. 2. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 20/1952, að gerðardómur,

svo skipaður sem í 7. gr. laganna segir, kveði á um bótafjárhæð.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi um annað en málskostnað.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun talsmanns áfrýjanda, Hólmfríðar Snæbjörnsdóttur lögfræðings, kr. 60.000.00.

Dómsorð:

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms eru staðfest. Að öðru leyti er héraðsdómurinn úr gildi felldur, og er málinu vísað til gerðardóms, skipuðum svo sem að framman segir.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun talsmanns áfrýjanda, Hólmfríðar Snæbjörnsdóttur lögfræðings, kr. 60.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1970.

Mál þetta var tekið til dóms 7. apríl s.l. Það var höfðað af Snæbirni Sigurðssyni, bónda á Grund II í Hrafnagilshreppi, með utanréttarstefnu, sem út var gefin 6. nóvember 1968. Stefndi er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Málið var þingfest 21. nóvember 1968. Framhaldsstefna var gefin út 25. marz 1969 og birt sama dag. en framhaldssökin þingfest 27. marz. Enn var framhaldsstefna gefin út 28. maí 1969 og birt sama dag, en síðari framhaldssökin var þingfest 12. júní 1969.

Dómkröfur stefnda eru nú þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2.688.441.30, svo sem nánar mun sundurliðað síðar. Þá er krafizt 7% vaxta p. a. af kr. 1.474.088.30 frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og af kr. 1.214.353.00 frá 25. marz 1969 til greiðsludags. Stefnandi krefst einnig málskostnaðar. Af hálfu stefnda er krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 9.800.00. Þá er og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda og þess, að vextir verði einungis reiknaðir frá stefnudögum.

Málavextir eru þeir, að veturinn 1966—1967 varð vart við

hringskyrfi, sem er smitandi húðsjúkdómur í búfé, og kom hann upp bæði í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu og Grýtubakka-hreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Síðar breiddist sjúkdómurinn lítið eitt út. Stefnandi málsins byggir kröfur sínar á því, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna sjúkdómsins.

Talið, er, að smit hafi borizt hingað til lands með dönskum manni, sem starfaði sumarið 1966 í fjósi á Grund I, en þangað var maðurinn ráðinn á vegum Búnaðarfélags Íslands. Sjúkdómsins varð fyrst vart, þannig að hann yrði greindur, í október þetta haust, þegar slátrað var á Akureyri kúm frá Grund I. Við athugun kom í ljós, að hringskyrfi var komið í nautgripi víðar, m. a. hjá stefnanda. Gerðar voru ráðstafanir til að koma í veg fyrir útbreiðslu veikinnar og lækningaaðgerðir hafnar. Páll A. Pálsson yfirdýralæknir vann að þessum málum, og hafa verið lögð fram í málinu mörg bréf frá honum þar að lútandi. Heima í héraði starfaði Gudmund P. Knutsen héraðsdýralæknir á Akureyri að athugunum og lækningum, og eru skýrslur frá honum meðal málskjala. Sæmundur Friðriksson, framkvæmdastjóri sauðfjárveikivarna, vann að samningagerð og framkvæmdum sem umboðsmaður atvinnumálaráðuneytisins, og hafa verið lögð fram í málinu bréf og önnur skjöl, sem hann hefur gefið út. Allir þessir menn hafa og gefið vitnaskýrslur í málinu. Hinn 18. febrúar 1967 var gefin út reglugerð nr. 35/1967 um varnir gegn smitandi hringskyrfi í nautgripum og öðrum húsdýrum af völdum sveppa (dermatomycosis). Ýmsar stjórnarathafnir, samningar, er stjórnvöld áttu aðild að, og aðrar opinberar ráðstafanir miðuðu einnig að útrýmingu veikinnar. Verður að þessu vikið svo og öðru, sem fram er komið um veikina almennt, eftir því sem þurfa þykir til skýringar á sakarefni því, sem hér er til úrlausnar.

Gudmund P. Knutsen dýralæknir hófst handa um lækningatilraunir í fjósi stefnanda um sama leyti og annars staðar veturinn 1966—1967. Fóru þær þannig fram, að úðað var lyfi á hinar sýktu skepnur. Einu sinni var og reynt að úða geldneyti og ungvíði, sem haft var í fjárhúsi og í sérstöku húsi, þar sem gripirnir lágu að mestu við opið, en sú tilraun virðist ekki hafa verið endurtekin.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf frá yfirdýralækni til atvinnumálaráðuneytisins, sem dagsett er 28. janúar 1967. Segir þar, að Knutsen hafi tjáð yfirdýralækni, að „sérstakar ráðstafanir þurfi að gera á búi Snæbjarnar Sigurðssonar ... til að hindra

útbreiðslu sveppakauna. ... Á búi þessu eru nú 42 kálfar og vetrungar. Af þeim hóp eru 15 kvígur ætlaðar til lífs og eiga sumar af þeim að bera á þessu ári. 19 kálfar $\frac{1}{2}$ —1 árs eru ætlaðir til förgunar næsta sumar og haust, og loks eru 8 kálfar 1—3 mánaða í fjósi. Aðbúnaður þessara kálfa er ófullkominn frá sóttvarnarsjónarmiði, þeim er ætlað að liggja við opið, og viðhlítandi hús til þess að hafa þá inni að staðaldri eru ekki fyrir hendi. Knutsen leggur því til, að kálfum þessum verði lógað sem fyrst, þar sem hann óttast, að þeir kunni að valda smitdreifingu, þegar fram líður á vorið. Vil ég hér með leita eftir samþykki hins háa ráðuneytis til að framkvæma þá aðgerð, sbr. lög nr. 11, 23. apríl 1928, 7. gr.“ Vegna þessa bréfs fór Sæmundur Friðriksson til stefnanda sem umboðsmaður atvinnuáráðuneytisins, og gerðu þeir samning 7. marz 1967. Hefur hann verið lagður fram, og segir í honum m. a.:

„Ég Snæbjörn Sigurðsson fellst á eftir tilmælum ráðuneytisins að láta slátra hið allra fyrsta 42 ungum nautgripum til að hindra útbreiðslu hringorms í Hrafnagilshreppi.

Gripirnir eru: 15 kvígur, ætlaðar til lífs, 19 kláfar $\frac{1}{2}$ til 1 árs, ætlaðir til förgunar á næsta sumri, og 8 kálfar í fjósi.

Við komum okkur saman um að leggja til grundvallar bótum fyrir 15 kvígurnar áætlað söluverð þeirra næsta sumar eða haust, að frádregnu áætluðu niðurlagsverði nú og frádregnum fóðurkostnaði til vors. Á sama hátt er áætlað niðurlagsverð 27 gripa í sláurtíð næsta haust, að frádregnu áætluðu niðurlagsverði nú og frádregnum fóðurkostnaði til vors. Í báðum tilvikum er um meðaltal að ræða á verðmæti gripanna.

Niðurlagsverði, eins og það verður nú við slátrun gripanna, heldur eigandi þeirra.

Samkvæmt ofanrituðu komum við okkur undirritaðir saman um, að bætur, sem ríkissjóði beri að greiða af þessu tilefni, skuli vera sem hér segir:

Bætur á 15 kvígur, kr. 5.000.00	kr. 75.000.00
Do „ 27 aðra gripa, kr. 4.000.00 . . —	108.000.00

Samtals kr. 183.000.00

Það skal tekið fram, að gripirnir virðast vel fóðraðir og í góðum holdum og hirðing og annar aðbúnaður í góðu lagi.

Ég Snæbjörn Sigurðsson tek fram, að ég geri engar kröfur á hendur ríkissjóði í tilefni af förgun gripa þessara aðrar en bætur þær, er að ofan greinir.

Ég Sæmundur Friðriksson lofa að hlutast til um, að ofangreindar bætur verði greiddar hið allra fyrsta til Snæbjarnar Sigurðssonar, ef ráðuneytið fellst á að staðfesta þennan samning ...“.

Óumdeilt er í málinu, að samningur þessi var staðfestur af atvinnumálaráðuneytinu, gripunum lógað og stefnanda greiddar umsamdar bætur.

Stefnandi skýrir svo frá í aðiljaskýrslu, að nokkru eftir að samningurinn var gerður um niðurskurð geldneyta og kálfa 7. marz 1967, hafi uppeldi kálfa verið bannað. Yfirdýralæknir hefur skýrt svo frá, að samkvæmt upplýsingum frá Gudmund P. Knutsen hafi verið um tilmæli til bænda að ræða fremur en bann og að farið hafi verið fram á, að ekki væru aldir upp kálfar, fyrr en 5—6 mánuðum eftir að hringskyrfis var síðast vart á hverjum bæ. Hér hafi ekki verið um ákveðnar dagsetningar að ræða almennt, þar sem sjúkdómurinn hafi ekki komið samtímis á bæina og staðið misjafnlega lengi. Um þetta atriði var Ketill Guðjónsson, bóndi á Finnstöðum, spurður, er hann gaf vitnaskýrslu á Akureyri 12. júní 1969, en hringskyrfi kom upp á Finnstöðum veturinn 1966—1967. Ketill sagði, „að óskað hafi verið eftir því, að ekki væru aldir upp kálfar, og hafi Gudm. Knutsen héraðsdýralæknir borið þá ósk fram“. Vitnið kvaðst ekki vita, hvort uppeldið hafi beinlínis verið bannað, og sagði, að sjálfur hefði hann ekki haft kálfa í uppeldi í um 10 mánuði. Gudmund P. Knutsen héraðsdýralæknir gaf vitnaskýrslu sama dag og Ketill Guðjónsson, og var þá bókað m. a.: „Að gefnu tilefni segir vitnið, að veturinn 1966—1967 hafi verið mælt til þess við bændur, að þeir létu kálfa ekki lifa nema sérstaka úrvalsgripi, en að lokum hafi kálfauppeldi verið bannað vorið 1967. Banninu hafi verið aflétt, um 5 mánuðum eftir að sjúkdómsins varð síðast vart á hverjum bæ. Kálfauppeldi stefnanda segir vitnið, að hafi enn verið bannað í október 1967“.

Hinn 15. apríl 1967 sendi yfirdýralæknir atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um athuganir, sem þeir Knutsen gerðu 13. s. m. Í skýrslunni segir, að læknisaðgerðir hafi verið framkvæmdar að staðaldri. Virðist „auðkenni sjúkdómsins horfin á gripunum að mestu og algjörlega á sumum bæjum“. Þá segir og í skýrslunni: „Samkvæmt upplýsingum frá Mjólkursamlagi K.E.A. á Akureyri

virðist fitumagn í mjólkinni svipað og á sama tíma árið áður á öllum þessum bæjum nema á Grund II hjá Snæbirni Sigurðssyni. Þar hefur fitumagn verið mjög lágt frá áramótum, 1—1½% minni fita í mjólkinni en á þessum sama tíma árið 1965. Þessi mikla lækkun á mjólkurfitu á þessum eina bæ er varla tilviljun, en hins vegar erfitt að skýra orsök hennar, en mismunandi aðbúð gæti valdið nokkru. Snæbjörn bóndi á Grund telur líka, að nyt hafi lækkað, en á öðrum bæjum er ekki talið, að nyt kúnna hafi lækkað. Um þetta er erfitt að dæma, þar sem ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um fóðrun, kúafjölda og burðartíma einstakra kúa nú í vetur og síðastliðinn vetur. Yfirleitt virtist fjósafólki á þessum bæjum sem gripirnir hefðu lítil óþægindi af kvillanum, en einnig að þessu leyti er dómur Snæbjarnar á Grund á annan veg. Hann telur gripina hafa af kvillanum töluverða vanlíðan og telur þar orsök rýrari afurða. Sjálfum virtust mér gripirnir sællegir, þokkalega og sums staðar vel hirtir, og gat ég ekki séð, að sjúkdómurinn hefði háð þeim. Ekki hefur þess orðið vart, að önnur húsdýr á þessum bæjum, hross, sauðfé eða hundar hafi tekið veikina. Á þremur bæjum, öllum Grundarbæjunum, hefur fólk veikzt, alls 7 manns“. Í skýrslu yfirdýralæknisins er síðan sagt nánar frá smitun á fólki og gerðar tillögur um aðgerðir vegna sjúkdómsins.

Að tilhlutan atvinnuáráðuneytisins fór Sæmundur Friðriks-son norður í Eyjafjörð 1. maí 1967 og boðaði til fundar um málið þann dag, einkum til að ræða um uppsetningu girðinga umhverfis svæðin, þar sem hringskyrfis hafði orðið vart. Girðingar voru settar upp seinna um vorið. Allt búfé stefnanda skyldi vera innan varnargirðinganna um sumarið, og tók stefnandi 7 ha spildu af ræktuðu landi til beitar af þeim sökum.

Stefnandi ritaði atvinnuáráðuneytinu bréf 27. júní 1967 og fór fram á bætur vegna afurðarýrnunar, sem hann taldi stafa af hringskyrfti „og lækningatilraunum, sem verið var að gera á kúnum“. Bréfinu fylgdi skýrsla um mjólk frá stefnanda og félagsbúi á Grund II frá 1. janúar 1965 til 24. júní 1967. Hinn 28. júní 1967 birtist grein eftir stefnanda í dagblaði í Reykjavík. Segir þar í upphafi: „Að gefnu tilefni finn ég mig knúðan til að skrifa nokkur orð um hringormssýkina, sem kom upp á Grund í Eyjafirði, svo og meðferð þess máls frá upphafi, orðróm manna á meðal, sögur, sannar og ósannar, og láta fram koma álit mitt á sjúkdómi þessum eftir nær 8 mánaða reynslu. Sú reynsla hefur orðið mér dýr og frómt frá sagt erfið og ógeðfellt“. Síðan rekur

stefnandi í blaðagreininni sögu málsins frá sínu sjónarmiði, og leggur hann eindregið til, að beitt verði niðurskurði til að hefta útbreiðslu veikinnar.

Hinn 28. ágúst 1967 sendi yfirdýralæknir atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um athuganir, sem þeir Guðmund P. Knutsen höfðu gert skömmu áður. Í skýrslunni segir m. a.: „Seint í apríl síðastliðnum tók Snæbjörn eftir smáskellum á milli horna á tveimur kindum í fjárhúsi, þar sem kálfarnir höfðu verið geymdir. Við nánari rannsókn kom í ljós, að hér var um að ræða smit með sömu sveppategund og olli hringskyrfi í nautgripunum á Grund. Ekki hefur fundizt fleira fé með útbrot af þessu tagi hjá Snæbirni á Grund. Þess má geta, að á tilraunastöðinni á Keldum var reynt að smita kindur með sveppum frá kúm á Grund síðastliðinn vetur, en án árangurs, enda þótt fleiri tilraunir væru gerðar. . . Við rúning í sumar varð ekki frekar vart við útbrot á fé þessu, en þess skal um leið getið, að örðugt er að leita af sér allan grun um slík útbrot í mörgu fé. Á hrossum á smituðum bæjum hafa útbrot af þessu tagi ekki fundizt. Unnið hefur verið í sumar að mjög rækilegri hreinsun og sóttgreinsun fjósa á þessum bæjum. Er hreinsun þessari lokið að öllu eða mestu leyti á flestum bæjanna. Tréverk í fjósunum hefur víðast verið brennt og fjósin síðan máluð að lokinni sóttgreinsun. Svo virðist sem sjúkdómurinn sé alls staðar í rénun og á tveim bæjum alveg horfinn, hvort sem sá bati reynist varanlegur eða ekki. Hægast hefur bati gengið á þeim bæjum, þar sem ekki hefur verið sinnt fyrirmælum dýralæknis um að setja ekki á kálfa. Hafa kálfarnir þá smitazt 1½—2 mánaða gamlir, t. d. hjá Gísla Björnssyni hreppstjóra á Grund I, en hann setti á nær tuttugu kálfa, og er enn að finna útbrot á nokkrum þeirra, þó allar mjólkurkúr séu lausar við útbrot fyrir löngu“. Í skýrslu þeirri, sem hér hefur verið tekið úr, ræðir yfirdýralæknirinn síðan um aðgeðir til að vinna bug á veikinni og tekur fram, að hann telji ekki unnt að komast hjá niðurskurði fjár á smituðum bæjum. Óumdeilt er í málinu, að sauðfé stefnanda, 97 kindur, svo og hestum hans, sem virðast hafa verið 3, var lógað haustið 1967. Fyrir kindurnar komu bætur eftir lögum nr. 23/1956, en fyrir hrossin komu bætur eftir samningi, og er eigi um þessi atriði deilt í málinu.

Stefnandi ritaði atvinnumálaráðuneytinu bréf 20. september 1967, og segir þar m. a.:

„Eins og hinu háa ráðuneyti er kunnugt, varð ég fyrir því óláni að fá hringskyrfi í búfé mitt á s.l. ári.

Af því tilefni var samið um förgun rúmlega 40 geldneyta, sem slátrað var síðari hluta vetrar, og hafa umsamdar bætur komið fyrir. Nú í haust hefur verið ákveðið að fella sauðfé mitt vegna sýkingar, sem fannst í tveim gemlingum í vor.

Eftir á ég nú einungis fullorðnu kýrnar, 50 að tölu, sem reynt hefur verið að lækna, en tekizt miður vel.

Nú eru kringumstæður mínar þannig, að ég tel, úr því sem komið er, skárstu úrlausnina að losna við kýrnar líka, meðal annars vegna þess, að ég sé enga framtíð í því að viðhalda sýktum gripum, og uppeldi er bannað, eins og er, en jafnframt eru mjög miklir erfiðleikar á að fá nokkurn aðfenginn vinnukraft vegna ótta við sýkina. Að sjálfsögðu er slíkt ekki framkvæmanlegt nema að fá verulegar bætur úr ríkissjóði, og hefur mér dottið í hug eftirfarandi greiðslumáti í eitt skipti fyrir öll:

50 kýr, söluverð 15000/—	kr. 750.000.00
50 kýr, niðurlagsv. 4500/— . . —	225.000.00
	_____ kr. 525.000.00
Afföll á heyverði, 2000 hestar, 150/—	— 300.000.00

	Kr. 825.000.00

Um heyið er það að segja, að nú er mér ekki heimilt að selja það samkvæmt úrskurði yfirdýralæknis, og verður það mér því lítils virði, a. m. k. í bili, og þó ég gæti selt það eftir 1 eða 2 ár, má búast við stórfelldri rýrnun á því.

Ef ráðuneytið gæti fallizt á ofan nefnda greiðslu, mundi ég engar frekari kröfur gera gagnvart kúnum (nema afurðatjónið frá í vetur) eða jörðinni og láta niður falla kröfu um leigu eftir það ræktunarland, sem ég varð að hafa fé mitt á að verulegu leyti í sumar.

Um bætur yfir niðurskurð sauðfjár míns fer að sjálfsögðu samkvæmt ákvæðum laga þar um“.

Stefnandi hefur sagt frá því, er gerðist eftir þetta, í aðilja-skýrslu: „Því bréfi var ekki beint svarað, en næst verður það, að fyrrnefndur Sæmundur Friðriksson kemur norður og tjáir mér, að hann muni bjóða kýr mínar til sölu innan hringskyrfis-svæðisins, sem hann og gerði. Útkoman varð sú, sem öllum er kunnugt, að Landbúnaðarráðuneytið seldi 2 bændum 17 kýr, sem þeir völdu úr hópnum. Eftir voru þá 32 kýr, sem ég að sjálfsögðu lét lóga í sláturhúsi, þar sem ríkisvaldið hafði lagt sölubann á

þær utan hringskyrfissvæðisins“. Til frekari skýringar sagði stefnandi á bæjarþingi 12. marz 1969: „Stefnandi tekur fram, að hjá honum hafi verið 49 kýr, þegar hann skrifaði bréfið, en sú 50. hafði þá nýlega drepizt, að því er stefnandi telur vegna aðgerða dýralæknis. Mætti tekur fram, að hann hafi ekki selt þær 17 kýr, sem ekki var lógað. Það hafi fulltrúi Landbúnaðarráðuneytisins gert og ákveðið verðið. Kveðst mætti einungis hafa haft samband við Landbúnaðarráðuneytið um þetta mál. Dómarinn spyr mætta, hvort hann telji, að í bréfinu komi fram fullnægjandi greinargerð um það, hvers vegna hann lét fella þær 32 kýr, sem hann átti eftir, haustið 1967. Mætti tekur fram, að hann hafi átt úr mjög vöndu að ráða. Hann hafi ekki þrátt fyrir miklar tilraunir fengið vinnukraft á bú sitt. Að sönnu hafi sér staðið til boða, að sonur sinn kæmi frá háskólanámi til að vinna á búinu, en það hafi hann talið ákaflega erfiðan kost. Þá segir mætti, að það hafi valdið erfiðleikum, að aldrei fékkst vitneskja um, hvað framundan væri í málinu. Hann segir, að bæirnir, sem hringskyrfi kom upp á, séu enn í banni og sé bændum þar bannað að eiga hesta og kindur og að kaupa nautgripi. Á árinu 1968 telur stefnandi hafa verið leyft að hefja í einhverjum mæli kálfauppeldi, en í mjög litlum mæli. Hann kveðst hafa viljað byrja sauðfjarrækt á s.l. hausti. Kveðst hann hafa sótt það mjög fast, en fengið synjun“.

Aður en meira er rakið af því, sem stefnandi hefur skýrt frá og varðar sölu og slátrun á kúm hans í nóvemberbyrjun 1967, er rétt að taka upp nokkur atriði, sem þetta varða og frá öðrum stafa.

Fram hefur verið lagt símskeyti, sem Sauðfjárveikivarnir sendu 27. október 1967 til Ketils Guðjónssonar, bónda á Finnastöðum. Þar segir: „Snæbjörn á Grund hefur tilkynnt, að hann ætli að fella kýr sínar í haust. Til að auðvelda bændum, þar sem hringskyrfis hefur gætt, viðhald kúastofnsins og tryggja Snæbirni herra en niðurlagsverð fyrir hluta af kúnum vill landbúnaðarráðuneytið stuðla að því, að viðskipti fari þarna fram án þess þó að taka á sig skuldbindingar í því sambandi“. Stefnanda og Gudmund P. Knutsen voru send símskeyti, þar sem skýrt var frá skeytinu til Ketils og texti þess tekinn upp í heild. Fjórum dögum síðar, 31. október, var stefnanda sent svohljóðandi símskeyti: „Heimilum sölu á kúm frá Grund II á bæi í Hrafnagilshreppi, þar sem hringskyrfis hefir orðið vart í gripum. — Landbúnaðarráðuneytið“.

Í málinu hefur verið lögð fram þessi yfirlýsing:

„Grund II 1/11 1967.

Við undirritaðir höfum keypt 17 kýr af landbúnaðarráðuneytinu, og hefir Snæbjörn Sigurðsson bóndi, Grund, afhent okkur þær. Þetta viljum við hér með yfirlýsa.

Ketill Guðjónsson, Finnastöðum.

Reynir H. Schiöth, Hólshúsum“.

Þá hefur enn fremur verið lögð fram þessi kvittun:

„Hér með viðurkenni ég undirritaður að hafa veitt móttöku frá Sauðfjárveikivörnum söluverði 17 kúa, kr. 170.000.00 . . . , sem ég afhenti frá búi mínu að tilstuðlan Landbúnaðarráðuneytisins þeim Katli Guðjónssyni, Finnastöðum, og Reyni Schiöth, Hólshúsum, þann 1. nóv. s.l.

Reykjavík, 20. nóv. 1967

Snæbjörn Sigurðsson“.

Það er fram komið, að öðrum kúm stefnanda en þeim 17, er nú hafa verið nefndar, var slátrað á Akureyri 1. og 2. nóvember 1967.

Sæmundur Friðriksson sendi atvinnumálaráðuneytinu greinargerð 14. október 1968 um ýmis atriði varðandi það sakarefni, sem hér er til úrlausnar. Var það gert að ósk ráðuneytisins vegna kröfubréfs, sem lögmaður stefnanda, Tómas Árnason hæstaréttarlögmaður, hafði ritað því nokkrum dögum áður.

Í greinargerð Sæmundar segir m. a.:

„Í bréfi Tómasar Árnasonar kemur fram, að Snæbjörn hefur þann 20. sept. 1967 tilkynnt ráðuneytinu, að hann hafi ákveðið að fella 50 mjólkurkúr í haust. Síðar tilkynnti hann undirrituðum þessa ákvörðun. Þegar þetta lá fyrir, varð það úr, að undirritaður f. h. ráðuneytisins kannaði, hvort bændur á hringskyrfissvæðinu hefðu hug á að kaupa til lífs eitthvað af kúm Snæbjarnar, sem að öðrum kosti hefðu verið felldar. Bað ég Ketil Guðjónsson, bónda á Finnastöðum, að athuga þetta, og taldi hann, að einhver áhugi væri fyrir kaupunum. Var honum hinn 27. október 1967 sent svohljóðandi símskeyti . . . (sjá hér á undan). . . . Það varð úr, að keyptar voru 17 kýr fyrir kr. 10.000.00 kýrin. Samkvæmt bréfi T. Á. hefur niðurlagsverð verið um kr. 4.500.00 á kú. Hefur Snæbjörn því hagnast um kr. 5.500.00 á kú, eða kr. 93.500.00 fyrir milligöngu ráðuneytisins í þessu efni. Honum til hagræðis greiddi ég upphæðina kr. 170.000.00 að fullu í nóvember og hefi séð um innheimtu frá kaupendum.

Ég get ekki betur séð en að Snæbjörn hljóti að bera sjálfur

ábyrgð á ákvörðun sinni um að fella kýrnar. Engin fyrirskipun eða ákvörðun um slíkt kom annars staðar frá, og stefna yfirvalda í málinu var sú að einangra sýktu bæina, en láta kýrnar lifa. Hefur þeirri stefnu ekki verið breytt. Þótt bú Snæbjarnar hefði töluvert gengið saman, samanber niðurskurð sauðfjárins, sem bætur koma fyrir, og förgun ungvíða, sem strax var samið um bætur fyrir, átti hann samt eftir álitlegt bú, eða 50 mjólkandi kýr. Svarar það nálega þreföldu grundvallarbúi, eins og það hefur lengst af verið. Verður því varla sagt, að skerðing á bústofni væri orðin svo mikil, að hann gæti ekki af þeirri ástæðu haldið áfram búskap“.

Þegar Sæmundur Friðriksson gaf skýrslu á bæjarþingi 12. marz 1969, sagði hann, að sér hefði ekki verið annað kunnugt um erfiðleika á að fá menn til að hirða sýktan búpening en það, sem stefnandi muni hafa sagt sér um erfiðleika sína við að fá menn. Er Sæmundur var spurður um sölu kúnna um mánaðamót október og nóvember 1967, var eftir honum bókað:

„Vitnið segir, að eins og komið hafi fram í bréfi sínu . . . , megi segja, að landbúnaðarráðuneytið hafi haft milligöngu um sölu á þessum kúm, en hér hafi ekki verið um fyrirskipun að ræða. Að ósk lögmanns stefnanda er vitninu sýnt dskj. nr. 13 (vottorð Ketils Guðjónssonar og Reynis H. Schiöths). Vitnið segir, að það megi vel vera, að kaupendurnir hafi litið svo á sem í vottorðinu greini, en sjálfur kveðst hann ekki gera það. Vitnið segir, að verðið muni hafa verið miðað við, hvað bændur vildu greiða, en þó kunnir að hafa verið höfð hliðsjón af, hvað verðið var frá stöð Sambands nautgriparæktarfélagi í Eyjafirði. Lögmaður stefnanda spyr vitnið, hvort hann viti, hvort stefnandi hafi samþykkt þetta verð. Vitnið svarar, að hann hafi litið svo á, að stefnandi væri óbundinn af því, hvort hann léti kýrnar fyrir þetta verð. Lögmaðurinn spyr þá, hvort vitnið viti, hvort verðið hafi verið borið undir stefnanda. Vitnið svarar með því að segja, að stefnandi hafi fengið afrit af símskeyti . . . (þ. e. skeytinu til Ketils Guðjónssonar 27. október, sem fyrr er frá sagt). Vitnið segist fullyrða að hafa sagt í samtali við Ketil Guðjónsson, að byggja yrði á því verði, sem hann taldi unnt að fá, þ. e. bændurnir vildu borga“.

Þegar Ketill Guðjónsson gaf vitnaskýrslu, var hann spurður, hvort hann hafi álitnið sig kaupa kýrnar af ráðuneytinu eða stefnanda. Ketill kvaðst hafa talað við Sæmund Friðriksson í síma, daginn áður en fella átti kýrnar á Grund, og hefði Sæmundur sagt, að um þetta ætti að semja við stefnanda. Ketill sagðist

hafa farið til stefnanda ásamt Reyni Schiöth, en stefnandi hefði sagt, að um málið ætti að semja við ráðuneytið. Ketill kvaðst enn hafa átt tal við Sæmund Friðriksson og eftir það símtal hefði skeytið frá ráðuneytinu til stefnanda verið sent, þ. e. skeytið frá 31. október, sem áður er tekið upp. Ketill kvaðst „hafa talið, að stefnandi hefði litið svo á, að það skeyti staðfesti aðild ráðuneytisins að sölunni“.

Pegar Gudmund P. Knutsen gaf vitnaskýrslu, var m. a. eftir honum bókað:

„Að gefnu tilefni frá lög. stefnda segist vitnið oft hafa komið til stefnanda, eftir að hringskyrfið kom upp, og þá orðið var við áhyggjur hjá honum um framtíð búrekstursins. Hann kveðst sjaldnar hafa komið til stefnanda, áður en sjúkdómurinn kom upp, og ekki geta sagt, að þá hafi hann heyrt á stefnanda, að hann hygðist hætta búskap. . . .

Dómari spyr vitnið, hvort það hafi verið af læknislegum ástæðum, sem kúm stefnanda var ýmist lógað eða þær seldar í okt. 1967. Vitnið svarar spurningunni neitandi. . . .

Dómari spyr vitnið, hvort hann hafi sagt við Ketil Guðjónsson, að stefnandi ætlaði að skera kýr sínar 1967. Ekki kveðst vitnið minnst þess, svo öruggt sé. Um ýmislegt hafi hins vegar verið talað þetta haust, þar á meðal að farga kúnum. Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnanda segir vitnið, að frá sínu sjónarmiði hafi ekki verið nauðsynlegt að farga kúnum“.

Stefnandi gaf aðiljaskýrslu í annað sinn sama dag og Gudmund P. Knutsen kom fyrir dóm. Sagði stefnandi, að hann hefði ekki fengið svar við bréfi sínu til ráðuneytisins frá 20. september 1967, en hafa „heyrt heima í héraði, að hið opinbera væri að bjóða kýr hans til sölu“. Hann sagðist ekki hafa ætlað að fella kýrnar þetta haust og ekki hafa sagt við Knutsen, að hann ætlaði að gera það, enda hafi sonur sinn þá verið kominn heim. Síðan var bókað:

„Dómari spyr mætta, hvenær hann hafi tekið ákvörðunina um að fella gripi sína. Mætti svarar, að Helgi fremur en Reynir Schiöth hafi komið til sín og sagt, að þeir hefðu keypt 5 af kúm stefnanda af Katli á Finnastöðum, sem sjálfur ætlaði að taka 12, sem verið hafi umbodsmáður Sæmundar Friðrikssonar í málinu. Að þessum upplýsingum fengnum kveðst stefnandi hafa hringt í sláturhúsið og beðið um sláturpláss fyrir einhverja gripi. Muni þetta hafa verið 2—3 dögum áður en slátrun fór fram. Dómari spyr stefnanda, hvers vegna hann hafi talið sig þurfa að láta

slátra kúnum. Mætti segir, að hann hafi ekki talið sig geta haldið áfram búskap, eftir að búið var að velja úr beztu gripina. Dómari spyr mætta, hvort hann hafi talið sér skylt að selja þessar 17 kýr. Mætti svarar því játandi og telur sig hafa verið bundinn af bréfinu . . .“.

Úrskurður var kveðinn upp á bæjarþinginu 20. marz s.l. með heimild í 120. gr. laga nr. 85/1936. Var aðiljum þá m. a. gefinn kostur á að afla „skýrslu Gunnlaugs Briem ráðuneytisstjóra og/eða annarra, sem kunna að geta gefið upplýsingar um það, sem fór á milli stefnanda og atvinnumálaráðuneytisins eða umböðsmanna þess varðandi bréf stefnanda frá 20. september 1967 og þær ráðstafanir, er gerðar voru í tilefni af bréfinu“. Lagt hefur verið fram bréf Gunnlaugs Briems, dagsett 24. marz, og segir í því m. a.:

„Framangreint bréf er bókfært sem innkomið í landbúnaðar-ráðuneytið 21. september 1967. Á bréfið hefi ég ritað þetta:

„Sæmundur hefur afrit af bréfinu. Hann athugar, hvort hugsanlegt sé, að nágrannar Snæbjarnar vilji kaupa kýr og hey.

25/9 1967 G.B.“.

Um þetta leyti kom Snæbjörn í ráðuneytið og skýrði mér frá því, að hann yrði að fella kýrnar, sökum þess að hann fengi ekki mann til að hirða þær. Ég skoraði á hann að gera ekki þessa vitleysu, og í því sambandi vakti ég máls á því, hvort ekki gæti komið til mála, að synir hans, sem þá stunduðu nám í háskólanum, aðstoðuðu hann við kúahirðinguna til skiptis, þar til úr rættist með ráðningu fjósamanns.

Um önnur orðaskipti okkar Snæbjarnar við þetta tækifæri treysti ég mér ekki til að tilfæra eftir 2½ ár. Hins vegar vil ég fullyrða, að ég hafi algerlega vísað á bug þeirri hugdettu eða kröfum Snæbjarnar, sem um ræðir í téðu bréfi, um bótagreiðslur úr ríkissjóði vegna fyrirhugaðs niðurskurðar á mjólkurkúnum.

Ég skýrði landbúnaðarráðherra Ingólfi Jónssyni strax frá þessu samtali okkar Snæbjarnar, og í viðtali við hann í dag segist ráðherrann minnst þessarar frásagnar minnar.

Um frekari afskipti ráðuneytisins af ákvörðun Snæbjarnar um förgun kúna vísast til frásagnar Sæmundar Friðrikssonar í 3. tölulið bréfs hans, dags. 14. október 1968, sem lagt hefur verið fram í málinu“.

Þau ummæli Sæmundar Friðrikssonar, sem hér er vitnað í, hafa verið tekin upp í dóm þennan.

Stefnandi hefur lagt fram yfirlýsingu í tilefni bréfs ráðuneytisstjórnans. Þar segir m. a.:

„Um skýrslu Gunnlaugs Briem vil ég taka þetta fram:

1. Ég talaði við hann, áður en ég lagði inn erindi mitt. Það er rangt, að ég hafi sagt honum, að ég yrði að fella kýrnar vegna manneklu, en benti honum hins vegar á mikla erfiðleika í því sambandi. Aðalumræðuefnið voru aðgerðir ráðuneytisins og að það hefði farið ver með mig en aðra, sem urðu fyrir þessum sjúkdómi, og að mér þætti framtíðin skuggaleg að búa við sjúkar kýr og allt uppeldi og viðhald bannað. Kvaðst mundu leggja inn erindi í ráðuneytið viðvíkjandi máli þessu. Taldi hann, Gunnlaugur, að það væri hin rétta leið, og hvatti mig til þess.

2. Hann segist fullyrða, að hann hafi algjörlega vísað á bug kröfum Snæbjarnar um kröfu úr ríkissjóði. Þetta er alrangt . . .“. Síðasti hluti yfirlýsingarinnar er fremur málflutningur en skýrsla, þótt ekki hafi þótt ástæða til að neita viðtöku skjalsins. Því hefur verið sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda.

Stefnandi hefur ekki haft búfé á jörð sinni síðan haustið 1967, en hins vegar hefur hann heyjað þar og selt hey. Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi margsinnis óskað eftir heimild frá atvinnu- málaráðuneytinu til að kaupa á ný bústofn, en því hafi jafnan verið synjað. Þegar yfirdýralæknir gaf skýrslu á bæjarþingi 18. marz 1969, var hann spurður, hvenær stefnandi mætti kaupa bústofn, en hann kvaðst ekki treysta sér til að svara þeirri spurningu.

Það er ljóst, að óheimil var sala á heyi því, sem stefnandi átti haustið 1967. Stóð það bann, unz ákveðið var í júlí 1968 að heimila sölu á heyinu á svæði á norðausturhluta landsins, þar sem óþurrkar höfðu verið miklir, enda væru uppfyllt tiltekin skilyrði um sóttvarnir. Stefnandi seldi hey þangað. Sumarið 1969 var takmörkunum á heysölu aflétt.

Þess er að geta, að ekki hefur orðið vart við hringskyrfi hér á landi síðan síðla árs 1969, og er talið, að sjúkdómnum hafi verið útrýmt.

Ýmis atriði, sem varða málavexti, þykir rétt að ræða síðar, þegar fjallað verður um einstaka liði í kröfugerð stefnanda.

Málsástæður og lagarök.

Dómkröfur stefnanda eru almennt studdar þeim rökum, að hringskyrfi hafi borizt í gripi hans, án þess að honum verði um það kennt. Hins vegar hvíli skylda á opinberum aðiljum til að hafa eftirlit með búfjársjúkdómum og til að gera ráðstafanir til

að koma í veg fyrir, að þeir berist til landsins og breiðist út, sbr. lög nr. 11/1928 og nr. 23/1956. Í þessu tilviki hafi eftirlitið þó ekki verið nægilegt, til að unnt reyndist að koma í veg fyrir, að hringskyrfi bærast til landsins 1966. Eftir að smitið var komið fram, hafi tilraunir hafizt á vegum opinberra aðilja til að lækna sjúka gripí og hefta útbreiðslu veikinnar. Stefnan í málinu hafi þó verið á reiki og ekki hafi verið farið eftir tillögum, sem yfirdýralæknir taldi vænlegast til árangurs, þ. e. að skera niður búfé á því svæði, er veikinnar hafði orðið vart. Þess í stað hafi verið gerðar lækningatílaunir á ófullnægjandi hátt og beitt einangrun, sem ekki hafi þó verið framfylgt, svo sem nauðsynlegt hafi verið. Því er haldið fram, að það leiði til skaðabótaskyldu, að hið opinbera hafi tekið í sínar hendur að gera ráðstafanir vegna hringskyrfis, en þær ráðstafanir hafi leitt til tjóns fyrir stefnanda.

Því er jafnframt haldið fram, að stefnandi hafi verið látinn búa við annan kost en aðrir bændur, sem fengu hringskyrfi í búfé sitt, og hafi hann þess vegna orðið fyrir meira tjóni en þeir og mjög tilfínanlegu. Hafi þetta komið fram í því, að borin hafi verið fram svonefnd tilmæli, sem í raun hafi verið fyrirskipun, um niðurskurð á kálfum hans og geldneytum og um það gerður samningur 7. marz 1967. Á þeim tíma, er samningurinn var gerður, hafi stefnandi mátt álíta, að honum mundi heimilt að ala upp kálfa eftir það með venjulegum hætti, enda hafi stefnandi verið þessarar skoðunar. Þessu hafi þó verið á annan veg farið, því að kálfauppeldi hafi verið bannað nokkru síðar. Þetta hvort tveggja, niðurskurður ungra gripa og bann við uppeldi kálfa, hafi stefnt búskap stefnanda í slíka tvísýnu, að jafngilt hafi lómun rekstrarins. Því hafi eigi verið annarra kosta vól en ráðgera förgun á mjólkurkúm stefnanda haustið 1967. Hafi ráðuneytið fallizt á nauðsyn þeirrar ráðstöfunar og tekið málið að sér. Með því hafði það jafnframt skuldbundið ríkissjóð til að greiða bætur vegna þessara aðgerða. Því er haldið fram, að enn hafi verið þrengt að stefnanda, þegar heysala var bönnuð, og síðan bannað að koma upp nýjum stofni á jörð hans. Því er haldið fram, að allar þessar aðgerðir hafi beint að stefnanda eingöngu eða aðallega og valdi það skaðabótaskyldu ríkissjóðs. Er í því sambandi tekið fram, að stefnandi hafi beðið verulegt tjón, að hann hafi beðið tjón umfram aðra, sem áttu við sjúkdóminn að stríða, að aðgerðir stjórnvalda hafi leitt til þess, að tjónið varð, að búskapur hafi verið aðalatvinna stefnanda og að honum hafi verið meinað að nota eignir sínar til búrekstrar. Er

því haldið fram, að samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar og almennum reglum um vernd eignarréttar og atvinnuréttar eigi stefnandi þá kröfu til skaðabóta, sem gerð er í málinu. Því hefur verið hreyft af hálfu stefnanda, að bótaskyldu ríkissjóðs kunni að mega byggja á því, að Búnaðarfélag Íslands hafi ráðið til starfa mann þann, sem ljóst sé, að borið hafi hringskyrfið til landsins.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að ríkisvaldið beri enga ábyrgð á því, að hringskyrfi barst til landsins og síðan í búpening stefnanda. Því er haldið fram, að opinberum aðiljum hafi í raun ekki borið nein skylda til að sjá um lækningaaðgerðir, en það hafi þeir þó gert bæði með því að kosta lækningaaðgerðirnar sjálfar og girðingar, sem settar voru upp til einangrunar. Allt hafi þetta verið gert til hagsbóta fyrir bændur, sem orðið höfðu fyrir búsjfjum vegna hringskyrfis, þ. á m. fyrir stefnanda, en af því leiði ekki, að skaðabótaskylda stofnist. Því er haldið fram, að engin mistök hafi orðið við lækningaaðgerðirnar. Bent er á reglugerð nr. 35/1967 og á það, að ekki eru í henni fyrirsmæli um bótagreiðslur, svo sem heimilt hafi verið að setja í hana samkvæmt 7. gr. laga nr. 11/1928. Er því haldið fram, að af þessu leiði, að ekki sé um bótaskyldu að ræða. Samkomulagið við stefnanda, sem gert var 7. marz 1967, er sagt endanlegt, að því er varðar niðurskurð kálfa og geldneyta, og geti stefnandi eigi gert neinar kröfur vegna þessara gripa, svo sem fram komi í samningnum sjálfum berum orðum. Því er haldið fram, að bann við uppeldi kálfa hafi ekki verið skilyrðislaust og að auki staðið svo skamma hríð, að það hafi eigi haft nein raunveruleg áhrif í þá átt að hnekkja búskap stefnanda. Því er algerlega mótmælt, að ráðstafanir stjórnvalda hafi leitt til þess, að stefnandi hafi verið neyddur til að hætta búskap. Muni hann af allt öðrum ástæðum hafa haft hug á að leggja niður bú sitt. Ákvörðun sína þar að lútandi hafi hann tilkynnt ráðuneytinu 20. september 1967. Þá hafi sem oftast verið ákveðið að veita stefnanda fyrirgreiðslu umfram lagaskyldu og að sjálfsgöðu án skuldbindingar. Hafi fyrirgreiðslan að þessu sinni verið fólgin í aðstoð við að selja kýr hans og hafi hún tryggt honum mun hærra verð fyrir kýrnar en ella hefði fengizt. Loks er því haldið fram, að bann við heysölu leiði ekki til neinnar bótaskyldu, enda sé það almenn regla, að sóttvarnarráðstafanir skapi ekki bótarétt. Takmarkanir á heimild stefnanda til að kaupa, gagnstætt löglegum reglum um sóttvarnir, bústofn á jörð sína skapi heldur engan bótarétt.

Um einstaka kröfuliði og atvik og lagarök, sem þá varða, er þessa að geta:

1. Beit á ræktuðu landi, kr. 138.320.00. Stefnandi hafði fé sitt á ræktuðu landi sumarið 1967, a. m. k. að einhverju leyti. Skýrir stefnandi svo frá, að hann hafi um vorið borið á landspilduna, sem verið hafi 7 ha að stærð, en vegna beitarinnar hafi hann ekki getað nýtt hana til slæгна. Krafan er að þessu leyti á því byggð, að af landinu hefðu fengizt 385 hestburðir af heyi að verðmæti 154.000.00 krónur. Frá þeirri fjárhæð eru dregnar kr. 15.680.00 vegna kostnaðar við áburðarkaup. Því er haldið fram, að ráðstafanir stjórnvalda hafi leitt til þess, að stefnandi varð að taka þessa spildu til beitar, og beri ríkissjóður því ábyrgð á tjóninu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að reikningsgrundvöllur kröfugerðar stefnanda að þessu leyti fái ekki staðizt. Þá er því enn fremur haldið fram, að stefnandi eigi ekki að lögum rétt til bóta þessara, enda hafi það verið hans eigin búpeningur, sem var á landinu sumarið 1967. Engu að síður er því lýst yfir, að stefndi fallist á að greiða vegna þessa kröfuliðar stefnanda kr. 9.800.00, þ. e. kr. 1.400.00 vegna hvers ha landsins.

2. Afurðatjón, kr. 147.268.30. Til skýringar á þessum kröfulið er rétt að taka upp hluta bréfs, sem stefnandi ritaði atvinnu-málaráðuneytinu 27. júní 1967:

„Frá því í byrjun desember s.l. fór að koma í ljós veruleg afurðarýrnun á kúabúi mínu, bæði minni mjólk og lægra fitumagn, svo að miklu munaði, þrátt fyrir sams konar fóðrun og aðra aðbúð og verið hafði undanfarna vetur.

Þegar gerður er samanburður á mjólkurmagni frá búi mínu mánuðina desember 1965, janúar, febrúar, marz og apríl 1966 við sömu mánuði síðast liðinn vetur, kemur í ljós, að síðari veturinn hefur mjólkinn reynzt 19647 lítrum minni en árið áður.

Þetta kenni ég eingöngu áður nefndri veiki og lækningatíraunum, sem verið var að gera á kúnum. Það skal tekið fram, að báða veturna voru jafn margar kúr á búinu, 50 talsins.

Til staðfestingar ofan sögðu fylgir hér með skýrsla mjólkurbússtjóra Mjólkursamlags K.E.A. á Akureyri, Vernharðs Sveinsonar:

Sé reiknað með grundvallarverði (kr. 8.90 pr. ltr.) á mjólk, nemur tjónið, sem af þessu hefur leitt, $16547 \times 9.90 =$ kr. 147.268.30, sem ég sé mig tilneyddan að óska eftir að fá greitt úr ríkissjóði. Geri ég þó ekki kröfu til að fá greidda þá verðlækkun, sem

varð á innleggsmjólk minni þennan umrædda tíma vegna lægra fitumagns. Tel ég því, að krafa mín í þessu efni sé sanngjörn“.

Við flutning málsins hefur því verið haldið fram, að afurðarýrnunin hljóti að vera afleiðing hringskyrfisins í búfé stefnanda, og leiði því fyrirnefnd almenn rök til þess, að stefnda beri að greiða honum skaðabætur.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ósannað sé og ólíklegt, að hringskyrfi hafi valdið afurðatjóni hjá stefnanda. Þótt svo hefði verið, eigi stefnandi enga kröfu á ríkissjóð.

3. Vangoldið verð á kúm, kr. 85.000.00. Þessi kröfuliður er rökstuddur með því, að atvinnumálaráðuneytið hafi selt 17 kýr úr fjósi stefnanda um mánaðamót október og nóvember 1967. Selt hafi verið fyrir kr. 170.000.00 alls, þótt ráðuneytinu hafi verið um það kunnugt af bréfi stefnanda frá 20. september sama ár, að kýrnar hafi ekki verið falar fyrir lægra verð en kr. 15.000.00 hver gripur, eða alls kr. 255.000.00 þessar 17 kýr. Mismunur þessara tveggja talna er fjárhæð kröfuliðarins.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi sjálfur selt þessar 17 kýr og að sú sala hafi verið atvinnumálaráðuneytinu og þar með ríkissjóði með öllu óvikomandi að þessu leyti, enda geti fyrirgreiðsla sú, sem stefnanda var veitt og áður er lýst, ekki leitt til bótaskyldu.

4. Rýrnun á heyjum, kr. 300.000.00. Því er haldið fram, að haustið 1967 hafi stefnandi átt 2.000 hestburði af heyi, sem hann hafi viljað selja, enda hafi verið nægur markaður. Hins vegar hafi stjórnvöld lagt bann við heysölu til að koma í veg fyrir útbreiðslu hringskyrfis. Afföll á hvern hest eru talin kr. 150.00, eða á 2.000 hesta alls kr. 300.000.00. Til stuðnings kröfuliðnum eru færð fram hin almennu rök, sem áður eru talin, en sérstaklega tekið fram, að þetta sölubann jafngildi eignarnámi.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að kröfuliðurinn sé óljós og tjón ósannað. Jafnframt er bent á, að stefnandi hafi selt hey fyrir hátt verð 1968, svo að um fjártjón sé ljóslega eigi að tefla. Þá er og öllum bótarétti neitað.

5. Tjón vegna niðurskurðar á kúm, kr. 336.000.00. Því er haldið fram af stefnanda, að atvinnumálaráðuneytið hafi í framhaldi af bréfi stefnanda til þess frá 20. september 1967 ákveðið, svo að skuldbindandi sé fyrir ríkissjóð, að kúabúskap stefnanda skyldi lokið í bráð. Er því haldið fram, að þau afskipti ráðuneytisins af sölu á 17 kúm til tveggja bænda, sem fyrr eru rakin, sýni, að það hafi verið atvinnumálaráðuneytið, sem seldi kýrnar,

en ekki stefnandi. Til vara er því haldið fram, að vegna aðgerða stjórnvalda hafi stefnandi ekki átt annars kost en hætta skepnuhaldi haustið 1967. Fjárhæð kröfuliðarins er fundin sem mismunur á áætluðu meðalkýrverði (kr. 15.000.00) og niðurlagsverði (kr. 4.500.00) margfaldaður með fjölda kúnna, sem slátrað var, en þær voru 32.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að það hafi verið stefnandi sjálfur, sem tók ákvörðun um að fella kýr sínar. Hafi það verið gert að ástæðulausu, þar sem engin krafa hafi komið um það frá stjórnvöldum og stefnandi því getað haldið áfram búskap eins og aðrir, sem fengu hringskyrfi í búpening sinn. Því er mótmælt, að nokkrar yfirlýsingar eða loforðsigildi hafi komið fram, sem felli bótaskyldu á ríkissjóð.

6. Ferðalög og annar kotnaður, kr. 20.000.00. Kröfuliðurinn hefur ekki verið skýrður í einstökum atriðum, en því er haldið fram, að stefnandi hafi vegna þess sakarefnis, sem hér er til úrlausnar, haft margs konar kostnað vegna ferðalaga o. fl. Greiðsluskyldu er mótmælt af hálfu stefnda.

7. Tekjumissir vegna hringskyrfis og aðgerða stjórnvalda á tímabilinu 1. nóvember 1967 til 1. janúar 1970, kr. 812.504.00. Kröfuliður þessi er skýrður þannig í framhaldsstefnu: „Nettó meðaltekjur árána 1964, 1965 og 1966, kr. 375.002.00 \times 2 $\frac{1}{6}$, kr. 812.505.00“. Því er haldið fram, að stefnandi mundi hafa rekið búskap áfram með svipuðum hætti og fyrr, ef hringskyrfi og aðgerðir stjórnvalda hefðu ekki neytt hann til að hætta búrekstri. Með tlvísun til raka, sem áður er greint frá, er því haldið fram, að úr ríkissjóði beri að greiða skaðabætur vegna þessa tjóns stefnanda.

Af hálfu stefnda er kröfulið þessum mótmælt með þeim almennu rökum, sem fyrr er frá greint. Þá er kröfuliðnum mótmælt reikningslega.

8. Kostnaður við að koma upp nýjum bústofni, kr. 1.019.000.00. Þessi kröfuliður var hluti þess, sem fram kom í hinni fyrri framhaldsstefnu í málinu. Er hann þar sundurliðaður á þessa leið:

Kostnaður við að koma upp nýjum bústofni:

50 mjólkandi kýr, pr. kr. 20.000.00	kr. 1.000.000.00
15 gripir, allt frá ungkálfum upp í kvígur, komnar	
að burði, pr. kr. 10.000.00	— 150.000.00

100 kindur, pr. kr. 2.300.00	kr. 230.000.00
3 hross, pr. kr. 20.000.00	— 60.000.00
	<hr/>
	Samtals kr. 1.440.000.00

Frá þessu skyldi samkvæmt framhaldsstefnunni draga andvirði búpenings, sem felldur var:

15 geldneyti, pr. kr. 4.500.00	kr. 67.500.00
17 mjólkurkýr, pr. kr. 10.000.00	— 170.000.00
82 stk. fullorðið fé, innl. K.E.A.	— 49.508.00
5 stk. kjöt af fullorðnu, innl. K.E.A.	— 2.640.00
Bætur fyrir niðurskurð sauðfjár, 97 bótaskyldar kindur, 2×87.160.00	— 174.212.00
Niðurlagsverð, 31 nautgripur	— 128.291.00
Einn kýrskrokkur tekinn heim	— 4.000.00
3 hross, pr. kr. 7.000.00	— 21.000.00
	<hr/>
	Kr. 617.151.00

Við munnlegan flutning málsins var kröfuliður þessi lækkaður um kr. 421.000.00 með þeirri skýringu, að hluti hans hefði þegar komið fram sem 3. og 5. liður hér að framan, en þeir nema samtals kr. 421.000.00. Er því nú krafizt kr. 1.019.000.00 vegna kostnaðar við að koma upp nýjum bústofni. Kröfuliðurinn er rökstuddur með þeim hætti, sem fyrr er að vikið, að hringskyrfið og aðgerðir stjórnvalda hafi leitt til þess, að búskapur stefnanda lagðist niður.

Af hálfu stefnda er þessum kröfulið mótmælt með þeim almennu rökum, sem fyrr er frá greint. Þá er kröfuliðnum mótmælt reikningslega.

9. Tjón vegna slátrunar alikálfa, kr. 200.000.00. Þessi kröfuliður kom fram í síðari framhaldsstefnunni í málinu. Þar er hann skýrður þannig: „... Landbúnaðarráðuneytið greiddi Jóni Kristinssyni bónda, Ytra-Felli, Hrafnagilshreppi, kr. 80.000.00 í skaðabætur fyrir það að hafa samkvæmt ákvörðun stjórnvalda orðið að hætta alikálfaræktun á búi sínu vorið 1967. Lagt var til grundvallar, að Jón hefði haft 20 alikálfa til niðurlags, ef hann hefði haft frjálsar hendur. Bústærð Jóns var m. a. 20 mjólkandi kýr. Stefnandi hafði 50 mjólkandi kýr, og hann ræktaði alikálfa

ekkert síður en Jón og með góðum hagnaði. Þess vegna gerir stefnandi kröfu til þess, að lagt verði til grundvallar kröfu hans bætur fyrir 50 alikálfa“. Við flutning málsins var því haldið fram, að stefnandi hefði fengið loforð atvinnumálaráðuneytisins um, að hann skyldi fá bætur eins og aðrir, og var það fært fram til stuðnings þessum kröfuleið.

Af hálfu stefnda er kröfuleiðnum mótmælt, og er í því sambandi vísað til bréfs frá Sæmundi Friðrikssyni til lögmanns stefnda, sem ritað var 21. apríl 1969. Í bréfinu segir:

„Hefi mótttekið tilmæli yðar um að rifja upp tildrög þess, að Jóni Kristinssyni, Ytra-Felli, voru greiddar kr. 80 þúsund vegna banns við uppeldi alikálfa.

Þetta mun einkum hafa stafað af því, að Jón hafði talsvert stundað þessa búgrein, en var nú bannað að láta kálfana ganga í landi, sem hann á utan sýkta hólfins. Hann varð því að hafa heima um sumarið þá kálfa, sem hann átti, og mátti ekki kaupa kálfa inn á svæðið, sem hann annars hefði gert.

Nú var kálfum Snæbjarnar slátrað síðla vetrar þetta ár, 1967, og gerður samningur um fullnaðar bætur þá þegar. Getur því ekki verið um neina bótakröfu að ræða gagnvart þeim alikálfum. Hins vegar gæti hafa átt sér stað, ef kálfauppeldi hefði verið frjálst þetta sumar, 1967, að Snæbjörn hefði látið lifa einhverja kálfa í þessu augnamiði og þá til slátrunar haustið 1968. En haustið 1967 slátraði hann af sjálfsdáðum 50 kúm, meðal annars af því að hann taldi, að þá væri búið orðið svo skert fyrir aðgerðir hins opinbera. Mér finnst því ekki beinlínis líklegt, að hann hefði þá haldið eftir til lífs nokkrum alikálfum, fyrst honum þótti 50 kúa bú ekki viðunandi. Þetta er þó matsatriði, sem ég treysti mér ekki til að dæma um.

... Krafa Jóns í Ytra-Felli var fyrst um kr. 160 þúsund og miðuð við innlegg, sem hann hafði af alikálfum haustið 1966. Vorið 1967 mun hann hafa átt 11 slíka kálfa og ætlaði að kaupa til viðbótar, en var hindraður í því, þar sem ekki mátti flytja gripi inn á svæðið, og þótti því hæfilegt að miða við 20 kálfa alls. Sína kálfa varð hann annað hvort að drepa um vorið eða láta þá ganga í túni um sumarið. Hins vegar fékk Snæbjörn bætur á sína kálfa, sem svaraði að meðtöldu niðurlagsverði um vorið fullu haustverði, og var laus við þá úr túni eða högum yfir sumarið. Virðist hann því hafa farið betur út úr þessu en Jón.

Bótakröfu fyrir bann við uppeldi kálfa til slátrunar á árinu

1968 hefur Jón ekki gert, og er það misskilningur hjá Snæbirni, ef hann heldur, að bætur til Jóns hafi verið miðaðar við annað en kálfa til slátrunar haustið 1967“.

10. Bætur fyrir sölubann á heyi, kr. 247.500.00. Þessi kröfuliður kom fram í síðari framhaldsstefnu í málinu, og segir um hann í stefnunni: „Haustið 1967 átti stefnandi 400 hesta af súr-heyi, sem hann hefir ekki fengið að selja þrátt fyrir nægan markað. Áður hefur stefnandi gert kröfu vegna rýrnunar á þessum heyjum. Með bréfi yfirdýralæknis til Landbúnaðarráðuneytisins, dags. 1. apríl 1969, hefir verið boðað áframhaldandi bann á sölu heyja. Ljóst er, að stefnandi getur ekki verkað vothey, meðan gömlu heyin eru í votheysturninum á Grund. Því krefst hann tafarlausrar greiðslu fyrir þessi hey og að turninn verði rýmdur á kostnað ríkissjóðs. Ennfremur krefst stefnandi greiðslu fyrir 150 hesta af þurrheyi, sem hann hefir ekki geta selt vegna banna. Verðið á heyjum þessum telst hæfilegt kr. 450.00 hesturinn, eða samtals kr. 247.500.00“.

Af hálfu stefnda er kröfulið þessum mótmælt með þeim rökum, sem fyrr er frá greint. Þá er kröfuliðnum mótmælt reikningslega.

Niðurstaða.

Stefnandi máls þessa varð fyrir því, að hringskyrfi kom upp í búfé hans 1966. Sjúkdómur þessi er smitandi, og taka bæði menn og nautpeningur hönn auðveldlega. Þá eru þess dæmi, að kindur smitist, svo sem gerðist hjá stefnanda, og e. t. v. aðrar skepnur. Sjúkdómurinn er landlægur í nágrannalöndum Íslands, en ekki talinn alvarlegs eðlis og ekki talinn valda gripum verulegum óþægindum eða leiða til rýrari búsafurða. Sjúkdómnum mun nú hafa verið útrýmt hér á landi, og er ekki fram komið, að hann hafi leitt til verulegra skakkafalla í búskap manna, ef ekki er litið til máls stefnanda.

Á því verður að byggja, að hringskyrfið hafi borizt í Hrafna-gilshrepp með dönskum manni, sem starfaði hjá bóndanum á Grund I sumarið 1966. Þaðan hefur smit borizt í Grýtubakka-hrepp með kúm, er þangað voru seldar. Hinn danski maður, er hér um ræðir, var ráðinn til starfa af Búnaðarfélagi Íslands í umboði vinnuveitandans. Félagið er sjálfstæð stofnun, og er ekki almennt um að ræða skaðabótaábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem félagið kann af einhverjum ástæðum að bera ábyrgð á. Ekki hefur verið sýnt fram á, að sérstök rök séu fyrir bótaábyrgð ríkissjóðs í þessu tilviki. Verður því þegar af þessum ástæðum

ekki á því byggt, að stefnandi eigi rétt á bótum á grundvelli þess, að ráðning hins danska manns hingað til lands og afleiðingar hennar séu á ábyrgð ríkissjóðs.

Eftir að ljóst var orðið haustið 1966, að hringskyrfi var komið upp, hófust aðgerðir á vegum opinberra aðilja. Gudmund P. Knutsen, héraðsdýralæknir á Akureyri, var eingöngu við þetta starf allengi, en önnur störf hans voru á meðan falin öðrum manni. Hóf Knutsen eftirlit, almennar aðgerðir, til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins og lækningatilraunir. Tilraunum þeim, er gerðar voru til að lækna sjúkdóminn með lyfjum, sýnist fljótlega hafa verið hætt og talið nægja, að veikin væri látin ganga yfir á einstökum bæjum og ráðstafanir gerðar, til að hún bærist ekki víðar. Um málið var sett reglugerð nr. 35/1967. Áður er að því vikið, að hringskyrfi muni nú hafa verið útrýmt. Það er álit dómenda, að opinberar ráðstafanir vegna hringskyrfisins hafi verið með þeim hætti, að hafna beri þeirri málsástæðu, er fram hefur komið af hálfu stefnanda, að hann eigi bótarétt vegna ófullnægjandi viðbragða opinberra aðilja, er hringskyrfi hafði komið upp.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi vegna ráðstafana opinberra aðilja orðið að búa við annan og verri kost en aðrir bændur, sem fengu hringskyrfi í kýr sínar. Dýralæknar töldu, sem fyrr er frá sagt, rétt af sóttvarnarástæðum, að kálfum og geldneytum hjá stefnanda væri lógað vorið 1967, en það var ekki gert hjá öðrum bændum. Um þetta var gerður samningur 7. marz 1967, og er þar tekið fram, að stefnandi geri ekki frekari kröfur „í tilefni af förgun gripa þessara“. Samningurinn er gildur löggerningur. Eftir þetta var stefnanda bannað að ala upp kálfa. Um þá ráðstöfun, sem aðrir urðu og að hlýta, mun verða rætt síðar, en dómendur geta ekki fallizt á, að gagnvart stefnanda hafi hún verið ólögmet, af því að ungum gripum hjá honum hafði áður verið lógað eftir samningnum frá 7. marz. Er þess að geta, að dómendur telja ekki, að þetta hvort tveggja saman hafi þurft að leiða til verulegra erfiðleika í búskap stefnanda. Hann átti eftir 50 mjólkandi kýr og mátti búast við, að bannið við kálfauppeldi mundi standa fremur skamman tíma, svo sem raun varð á. Svo sem síðar verður greint frá nánar, er það álit dómenda, að stefnandi eigi ekki rétt á bótum vegna slátrunar á mjólkurkúm hans 1. og 2. nóvember 1967 og ekki heldur vegna takmarkana á sölu á heyjum frá búi hans. Hann varð af sóttvarnarástæðum að þola verulegar takmarkanir á

heimild til að koma upp nýjum bústofni á jörð sinni, en dómendur telja, að þær takmarkanir hafi verið löglegar. Ljóst er, að allt það, er nú hefur verið nefnt, verður talið hafa leitt til verulegrar röskunar á atvinnustarfsemi stefnanda. Hver einstök ráðstöfun var hins vegar lögmæt, einnig þegar hún er skoðuð í samhengi við aðrar ráðstafanir. Verður því að líta svo á, að stefnandi eigi ekki bótarétt á þeim grundvelli, að hann hafi orðið að sæta verri kosti en aðrir bændur vegna aðgerða opinberra aðilja. Bein lagaákvæði um bótarétt stefnanda eru ekki fyrir hendi, og slíkur réttur verður ekki heldur að álitu dómenda leiddur af almennum réttarreglum.

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið rakið, telja dómendur, að ekki verði teknar til greina þær kröfur stefnanda, sem fram koma í 2., 6., 7. og 8. lið í kröfugerð hans. Framanskráð leiðir og ásamt öðru til sýknu af kröfum í öðrum liðum kröfugerðarinnar, en um þá er þessa að geta sérstaklega:

1. liður (beit á ræktuðu landi). Á því þykir eiga að byggja, að stefnandi hafi sumarið 1967 notað 7 ha ræktaðs lands til beitar og fyrir þær sakir ekki fengið hey af landspildunni. Landið var notað til beitar fyrir gripí stefnanda sjálfs vegna lögmætra sóttvarnarráðstafana. Eru því ekki efni til þess eftir íslenskum lögum að dæma honum bætur. Þar sem boðnar hafa verið bætur að fjárhæð kr. 9.800.00 og þær enn ekki greiddar, ber að dæma stefnda til að greiða þessa fjárhæð með 7% ársvöxtum frá þingfestingardeggi 21. nóvember 1968.

3. liður (vangoldið verð á kúm). Eftir að stefnandi ritaði atvinnumálaráðuneytinu 20. september 1967, var kannað á vegum þess, hvort unnt væri að selja kúr stefnanda til bænda, sem fengið höfðu hringskyrfi í nautgripi sína. Skriflegt beint svar við bréfinu frá 20. september var stefnanda ekki sent. Símskeytin, er send voru 27. október frá Sauðfjarveikivörnum og 31. s. m. frá ráðuneytinu, eru áður nefnd. Í símskeytum þessum er ekki loforð um greiðslu bóta til stefnanda. Afskipti þau, sem ráðuneytið hafði af málinu, verða ekki talin fela í sér loforðsígildi eða sýna, að ráðuneytið hafi keypt kýrnar af stefnanda. Verður að byggja á því, að stefnandi hafi sjálfur ráðstafað þeim kúm, sem seldar voru, og að hann hafi sjálfur ákveðið slátrun þeirra, er hann átti eftir. Um greiðslur til hans af þessum sökum verður því eigi að ræða.

4. liður (rýrnun á heyjum). Með 1. málsgrein 4. greinar reglugerðar nr. 35/1967 var með lögmætum hætti lagt bann við

sölu á heyi frá sýktum bæjum. Réttarákvæði hafa ekki að geyma bein eða óbein fyriræli um bótagreiðslu til stefnanda vegna þessa reglugerðarákvæðis og afleiðinga bannsins, og verður bóta-krafa hans í þessum lið þess vegna ekki tekin til greina.

5. liður (tjón vegna niðurskurðar á kúm). Um þetta atriði er rætt, þar sem fjallað er um 3. lið, og vísast til þess.

9. liður (tjón vegna slátrunar alikálfa). Um bann við uppeldi kálfa var ekki gefin út sérstök reglugerð eða auglýsing, svo sem þó hefði verið rétt eftir 7. gr. laga nr. 11/1928. Á því verður að byggja, að í upphafi hafi Gudmund P. Knutsen mælt til þess, að kálfar væru ekki aldir upp, nema sérstaklega stæði á, en síðar hafi hann gefið fyriræli um, að uppeldi skyldi hætt, og að þau fyriræli hafi hann gefið í samráði við yfirdýralækni. Verður að telja, að heimilt hafi verið að leggja fyrir stefnanda að hætta um sinn kálfauppeldi, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um dýralækna nr. 124/1947 og 3. gr. reglugerðar nr. 35/1967. Réttarákvæði hafa ekki að geyma bein fyriræli um bótagreiðslu til stefnanda vegna þessara ákvæða. Þess er að geta, að stefnandi var ekki sviptur eign sinni, en meinað að nýta hana með tilteknum hætti. Hér var um tiltölulega lítil verðmæti að ræða, sem ekki voru nema hluti af búi stefnanda, og ekki er ljóst, að hann hafi haft verulegar tekjur af kálfauppeldi áður. Bannið var á lagt af sóttvarnarástæðum. Verður ekki talið, að stefnandi eigi eftir almennum reglum bótarétt vegna missis hagsvonar af þessari búgrein, og ekki er fram komið, að gefið hafi verið loforð, er á verði byggður sá réttur, sem stefnandi krefst sér til handa í þessum lið.

10. liður (bætur fyrir sölubann á súrheyi). Um þennan lið er hið sama að segja og 4. lið að því viðbættu, að sala á súrheyi er jafnan erfiðleikum bundin. Bannið við heysölu í reglugerð nr. 35/1967 varð því eitt sér ekki til þess fallið að valda stefnanda tjóni, að því er súrhey varðar. Slátrun kúnna á búi hans í nóvember 1967 leiddi hins vegar til þess, að hann gat ekki nýtt súrheyið. Þar sem sú slátrun var, sem fyrr greinir, ekki framkvæmd að skipun opinberra aðilja, verður ekki um bótarétt að ræða á grundvelli þessarar ráðstöfunar.

Samkvæmt framanskráðu verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina að öðru leyti en því, sem kröfugerð stefnanda gefur tilefni til. Unnt þykir með vísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 að láta málskostnað falla niður.

Stefnandi hefur gjafvörn í málinu. Gjafvörn felur ekki í sér,

að hann eigi rétt á greiðslu úr ríkissjóði á þeim kostnaði, er hann hefur krafizt í 6. lið kröfugerðar sinnar. Hins vegar ber að kveða á um greiðslu úr ríkissjóði á málflutningsþóknun og útlögðum kostnaði til talsmanns stefnanda fyrir bæjarþinginu, Tómasar Árnasonar hæstaréttarlögmans, sbr. 173. gr. laga nr. 85/1936. Þykir þessi greiðsla til lögmansins hæfilega ákveðin kr. 95.112.00, þar af kr. 15.112.00 vegna útlagðs kostnaðar.

Þór Vilhjálmsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kvað upp dóm þennan ásamt Árna Jónassyni erindreka og Guðbrandi E. Hlíðar dýralækni.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Snæbirni Sigurðssyni, kr. 9.800.00 með 7% vöxtum p. a. frá 21. nóvember 1968 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður, en málflutningsþóknun og útlagður kostnaður skipaðs talsmanns stefnanda, Tómasar Árnasonar hæstaréttarlögmans, kr. 95.112.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. nóvember 1970.

Nr. 188/1970. **Hellugler h/f og Ingvar S. Ingvarsson**
 gegn
Eyjólfi Bjarnasyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Frávísun. Meiðyrði. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa með heimild í 21. gr., 1. tl. b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. september 1970, er hingað barst 19. október s. á.